

Leiðbeiningar um frágang greina fyrir Working Paper ritröð Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands

Eftirfarandi leiðbeiningum skal fylgt við frágang greina sem sendar eru inn til birtingar í Working Paper ritröð Viðskiptafræðistofnunar.

Almennar leiðbeiningar

- Handritið (með heimildaskrá, neðanmálgreinum og samantekt) á að vera á milli 2.000 og 10.000 orð.
- Allur texti skal vera í leturgerðinni Times New Roman í 14 punkta stærð.
- Spássíur skulu vera 2,54 cm að ofan og neðan, 4 cm vinstra megin oo 2,5 cm hægra megin,
- Allar blaðsíður skulu vera númeraðar og blaðsíðutöl miðjujöfnuð.
- Almennur texti í handriti skal vera með einu og hálfu línubili.
- Nafn höfundar og rannsóknarstofnunar (vinnustaðar), auk upplýsinga um pósthfang, síma og netfang, skulu birtar á forsíðu.
- Efst hægra megin á forsíðu skal koma fram ISSN númer tímaritsins sem er 1670-7168.

Samantekt: Handritinu skal fylgja samantekt, ekki yfir 200 orð.

Neðanmálgreinar: Forðast skal að nota neðanmálgreinar, nema í undantekningartilfellum. Þær skal þá merkja með „superscript“ táknum og birta þær í númeraröð í lok greinar.

Myndir og töflur: Þær skal láta fylgja á sérstökum síðum í lok greinarinnar. Þær skulu númeraðar og vísað í þær í texta. Þær skulu settar upp þannig að hægt sé að átta sig á þeim án þess að styðjast við textann.

Heimildaskrá: Höfundum er bent á að vanda sérstaklega til heimildaskrár og vísana í heimildir í texta. Vísa skal í heimildir í texta með því að setja nafn höfundar og útgáfuár innan sviga (Smith, 1999). Við beina tilvitnun skal einnig setja blaðsíðutalið innan sviga (Smith, 1999, bls. 26). Tilvísanir í heimildir í texta skal tilgreina í rétttri tímaröð. Heimildaskrá á að koma síðast og á einungis að innihalda þær heimildir sem í er vísað í textanum. Heimildaskráin skal vera í stafrófsröð eftir nöfnum höfunda og í rétttri tímaröð fyrir hvern höfund. Komi fyrir fleiri en ein heimild frá sama ári frá einum höfundi skal merkja þær heimildir a, b, c, o.s.frv. Ef um er að ræða tvo höfunda eða fleiri skal vísa í heimildina í texta semmSmith *et al.* auk dagsetningar. Í heimildaskrá skal hins vegar tilgreina nöfn allra höfundanna.

Dæmi:

GREIN

Ebadi, Y. M. and Utterback, J. M. (1984), 'The Effects of Communication on Technological Innovation', *Management Science*, **30**, 5, 572–85.

BÓK

Keohane, R. O. (1989), *International Institutions and State Power*, Boulder, Colo, Westview Press.

GREINASAFN

Krasner, S. (ed.) (1983), *International Regimes*, Ithaca, N.Y., Cornell University Press.

BÓKARKAFLI

Bogner, W. C. and Thomas, H. (1994), 'Core Competence and Competitive Advantage'. In Hamel, G. and Heene, A. (eds), *Competence Based Competition*, Chichester: Wiley, pp. 233–88.

Frekari leiðbeiningar um uppsetningu

1 FYRSTA FYRIRSÖGN

Times New Roman letur, 14 punkta stærð, feitletrað, uppstafir, eitt og hálf línubil, vinstri jafnað.

1.1 ÖNNUR FYRIRSÖGN

Times New Roman letur, 14 punkta stærð, skáletrað, uppstafir, eitt og hálf línubil, vinstri jafnað.

1.1.1 Þriðja fyrirsögn

Times New Roman letur, 14 punkta stærð, einn og hálf línubil, vinstri jafnað.